



## Jafnréttisstefna Landsvirkjunar

### 1. Tilgangur og umfang

Landsvirkjun leggur áherslu á jafnrétti kynja á vinnustaðnum.

Landsvirkjun á að vera eftirsóknarverður vinnustaður jafnt fyrir konur sem karla. Jafnréttisstefnan hefur það að leiðarljósi að Landsvirkjun sýni frumkvæði meðal atvinnurekenda og samfélagsábyrgð við framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlun endurspeglar á hverjum tíma hlutverk, framtíðarsýn og leiðarljós Landsvirkjunar.

### 2. Stefna

Stefna Landsvirkjunar er að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Hver starfsmaður er metinn á eigin forsendum. Við leitumst við að ná fram sjónarhorni og viðhorfum beggja kynja og ólíkra þjóðfélagshópa við úrlausn viðfangsefna okkar. Þannig nýtum við starfskrafta okkar á árangursríkan hátt. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

### 3. Markmið

Við tryggjum jafna stöðu kvenna og karla og að starfsmenn njóti jafnra tækifæra óháð kyni. Við vinnum markvisst að því að uppræta kynbundna mismunun komi hún í ljós. Þannig gætum við m.a. að því að mismuna ekki á grundvelli kyns við ráðningar í störf, varðandi starfsaðstöðu, þjálfun og kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Það er markmið okkar að hugsa út fyrir rammann og vinna gegn kynbundinni mismunun. Við munum uppfylla lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

### 4. Stefnumið

- Við metum einstaklinga að eigin verðleikum og við gætum að því að mismuna aldrei vegna kyns við ráðningar og tilfærslur í starfi og við mat á þörf á fræðslu og þjálfun.
- Við stuðlum að því að kynjahlutföll verði jafnari innan hinna ýmsu starfahópa fyrirtækisins og leitum margvíslegra leiða til að ná auknum árangri á þessu sviði.
- Við gætum að jafnrétti varðandi ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfsþópum, stjórnnum og nefndum.

- d. Við greiðum jöfn laun og veitum sömu kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Við vinnum skipulega og markvisst að úttektum á launum og kjörum og bætum sífellt vinnulag okkar við launasetningu, til að sporna gegn kynbundnum launamun í fyrirtækinu.
- e. Við virðum fjölskylduábyrgð samstarfsfólks okkar og vinnum markvisst að því að starfsmenn geti aðlagð störf sín og fjölskylduábyrgð á árangursríkan hátt.
- f. Við líðum ekki einelti og áreitni.

## **5. Framkvæmd og umfang**

Jafnréttisáætlun þessi nær til allrar starfsemi fyrirtækisins.

Framkvæmdaáætlun jafnréttismála er endurskoðuð árlega samhliða aðalrýni stjórnenda og þar er lagt mat á hvort markmiðum hennar sé náð.

## **6. Ábyrgð**

Ábyrgð á framgangi jafnréttismála er hjá forstjóra. Forstjóri ber ábyrgð á því að jafnréttisstefnu sé framfylgt og viðhaldið.

Jafnréttisnefnd er skipuð af forstjóra og fundar reglulega. Í jafnréttisnefnd sitja ávallt tveir stjórnendur, þ.a. einn framkvæmdastjóri sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Jafnréttisnefnd starfar í umboði forstjóra við framkvæmd jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum.

Helstu verkefni jafnréttisnefndar eru:

- a. Að tryggja framgang stefnu og framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum, fylgja eftir verkefnum og meta árangur af aðgerðum.
- b. Að vinna að stefnumörkun í jafnréttismálum, undirbúa reglulega endurskoðun framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum og jafnréttisstefnunnar með hliðsjón af hlutverki og stefnu Landsvirkjunar, ákvæðum jafnréttislaga og reynslu og árangri sem hefur náðst hjá Landsvirkjun.
- c. Að veita stjórnendum og starfsmönnum upplýsingar vegna jafnréttismála.